

4/2 1966

Skógarvörðurinn á Vöglum,

STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1965.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1965.

I. I n n g a n g u r.

1. Veðurfar.

Í janúar ríkti að mestu norðlæg átt 1.- 18. en síðan suðlæg eða suðaustlæg átt.

Talsverð snjóþyngsli voru í mánuðinum og jarðlaust að kalla. Mest varð snjódýptin 110 cm., minnst 42 cm.

Hámark hita mældist 8.1 stig 26. jan, lágmark -26.7 í mælaskýli og á lágmarksmæli við jörð -29.5 stig þann 19. janúar.

Í febrúar ríkti suðlæg átt og var óvenju hlýtt og snjólétt.

Hámark hita mældist 10.8 stig 16. febrúar, lágmark -12.0 stig 28. s. m.

Mest varð snjódýptin í byrjun mánaðarins, 42 cm, en var komin í 6 cm. 6 febrúar og mátti heita snjólaust eftir það.

Í marz ríkti að mestu suðlæg átt. Mikil frost voru frá 17. - 27. s. m.. Veður var kyrrt og snjólétt, mesta snjódýpt mældist 28 cm. 7. marz.

Hámark hita mældist 13. marz 10.8 stig, lágmark mældist 25. s. m. -23.8 stig í mælaskýli og á lágmarksmæli við jörð -26.2 stig.

Í apríl var breytileg átt, en þó einkum suðlæg. Snjólétt var og frostalítið. Mesta snjódýpt mældist 15 cm.

Hámark hita mældist 15.0 stig 30. apríl, lágmark -11.9 stig 19. s. m.

Í maí ríkti austlæg átt 1.- 11., eftir það ríkti að mestu suðlæg átt. Frekar var kalt fram til 22. maí, en eftir það hlýnaði vel og tók gróður þá miklum framförum.

Skógurinn litkaðist 28. maí og grænn var hann yfir að líta 30. s. m.

Hámark hita mældist 20.4 stig 30. maí, lágmark -7.2 stig 18. s. m. Mesta snjódýpt mældist 4 cm. 6. maí.

Í júní var suðlæg átt og hlýtt fram til 14., en úr því kólnaði og hélst svo út mánuðinn, var þá einkum austlæg eða norðaustlæg átt. Sláttur var hvergi byrjaður hér í Fnjóskadal um mánaðamótin júní- júlí. Úrkoma í júní var með mesta móti.

Hámark hita mældist 22.5 stig 11. júní, kaldast 0.0 stig 8. og 13. júní. Á lágmarksmæli við jörð mældist fimm sinnum frost, mest -2.5 stig 8. júní. Þess má geta að 18. og 24. júní grénaði í fjölli.

Í júlí ríkti að mestu suðlæg átt fram til 23. júlí og var hlýtt fram að þeim tíma. Eftir það snerist til norðlægrar áttar og kólnaði. Sláttur hófst hér 3. júlí og gekk heyskapur ágætlega.

Sumsstaðar urðu nokkrar skemmdir á kartöflum af völdum næturfrosta 26.- 28. júlí. Mjög misjafnar urðu þó skemmdir þessar eftir legu garðlanda. Hér í gróðrarstöðinni urðu þó engar skemmdir á trjáplöntum.

Hámark hita mældist 21.0 stig 7. júlí, lágmark 1.9 stig 27. júlí. Á lágmarksmáli við jörð mældist frost sex sinnum, mest 27. júlí -3.4 stig.

Í ágúst var breytileg átt, hægviðri og hlýtt, þar til 25. ágúst að kólnaði verulega. Í lok mánaðarins var farið að votta fyrir sölnun á birkiskóginum. Heyskapur gekk vel.

Hámark hita mældist 19.5 stig 14. ágúst, lágmark 0.4 stig 6. s. m.

September var kaldur, úrkomulítið og hægviðri. Norðlæg átt. Mikið lauffall var 26. september, skógurinn var lauflaus 30. s. m.

Hámark hita mældist 16.7 stig 1. september, lágmark -5.0 stig þann 7. september. Frost mældist a. m. k. 15 sinnum á lágmarksmáli í málaskýli og 16. sinnum á lágmarksmáli við jörð, mest -6.9 stig þann 7. september.

Toppar á fræplöntum 2/0 skemmdust lítið eitt í fyrsta frostinu í september.

Í október ríkti að mestu suðlæg átt. Mjög frosta lítið. Til dæmis má geta þess að 1. vetrardag voru týnd óskemmd aðalbláber í Fellsskógi.

Hlýtt var fram til 27. október, en þá kólnaði og snjóaði lítilsháttar. Mjög úrkomulítið svo að til vandræða horfir.

Hámark hita mældist 15.0 stig 20. október, lágmark -11.1 stig 30. s. m.

Í nóvember var suðlæg átt fram til 16., en þá snerist til austan eða norðaustan áttar. Snjólaust var fram til 18. nóvember, en þá brá til snjókomu og hélst svo út mánuðinn. Var snjólagið mest 56 cm í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 4. nóvember 12.6 stig, lágmark -14.7 stig en á lágmarksmáli við jörð 19.5 stig, 23. s. m.

Í desember var breytileg átt, en yfirleitt ríkti þó austlæg eða suðaustlæg átt. Jarðlaust var að heita mátti allan mánuðinn, enda var snjólagið hér í skóginum aldrei minna en 40 cm, allt upp í 62 cm. Falsverð frost einkum þó 20.- 29. desember.

Víða var orðið vatnslítið og vatnslaust a. m. k. tveim bæjum hér í sveitinni.

Rjúpnæmargö var hér í skóginum sérstaklega þegar líða tók á mánuðinn. Sátu þær löngum uppi í trjánum og gæðuðu sér á reklum trjánna.

Hámark hita mældist 15. des. 6.7 stig, lágmark -25.9 stig þann 27. s. m. en -27.0 stig á lágmarksmáli v/ jörð þann 28. desember.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum árið 1965.

	<u>Hiti C</u>	<u>Úrkoma mm.</u>
Janúar	-3.8 (0.2)	106.0 (27.0)
Febrúar	1.4 (0.4)	32.0 (11.5)
Marz	-6.6 (3.3)	27.8 (11.1)
Apríl	0.7 (1.4)	28.3 (43.2)
Mai	4.7 (5.7)	15.0 (55.3)
Júní	8.4 (8.8)	41.6 (23.3)
Júlí	10.1 (10.4)	19.4 (43.9)
Ágúst	8.9 (7.1)	21.9 (73.9)
September	3.6 (3.4)	40.0 (33.5)
Október	4.9 (2.5)	23.8 (55.9)
Nóvember	-4.0 (-0.8)	69.4 (58.5)
Desember	-7.1 (-4.3)	43.0 (104.0)
Alls	1.8 (2.6)	468.2 (540.2)

Tölurnar í svigum, hiti og úrkoma árið 1964.

$$\sum_{i=1}^n 7.75 \sum_{i=1}^n 41.3$$

2. Vöxtur og brif trjágróðurs.

Brum á birki fór að þrútna 22. maí og 28. s. m. fór skógurinn að litkast, grænn yfir að líta var hann 30. s. m. Allaufgaður mátti skógurinn teljast 1. júní.

Í lok ágúst mánaðar var skógurinn byrjaður að sölna, en ~~í~~ lauffall byrjaði þó fyrst verulega 26. september, laufflaus var skógurinn 30. september og er það með allra síðasta móti.

Vöxtur á barrplöntum í skóginum var með bezta móti, þrátt fyrir óvenjulegt úrkomuleysi.

Fræ á birki var sáralítið og virtist auk þess ekki þróskað það litla sem var. Verði tíðarfar samilegt næsta sumar má búast við að fræfall geti orðið ágætt næsta haust.

II S T A R F S F Ó L K.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Ákveðisvinnustundir eru ekki taldar með.

Kaupgreiðslur og vinnustundir við grisjun og girðingu í Ásbyrgi eru nú taldar hér með.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1965.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>	<u>Ákvæðisv. kr.</u>
Janúar	4	427	17.218.90	
Febrúar	6	779	32.273.71	
Marz	8	1079	47.286.02	5.276.00
Apríl	7	1175	49.837.65	
Mai	22	2623	95.024.80	
Júní	34	3260	131.113.21	43.709.81
Júlí	16	2606	111.722.91	
Agúst	19	2391	106.047.60	7.400.00
September	16	1520	70.172.02	
Október	7	743	35.046.87	
Nóvember	3	500	24.234.32	
Desember	3	388	18.682.79	
		17491	738.670.89	56.485.81
		<u>Alls kr.</u>	<u>795.156.70</u>	

Starfsfólki úr Hálshreppi voru greiddar kr. 507.735.15.

Vilmundur Andrésson annaðist verkstjórn í gróðrarstöðinni, að öðru leiti en því að skógarvörður sá um plöntusölu og sáningar, svo og dreifingu á tilbúnum áburði. Vilmundur annaðist störf sín af samvirkusemi og á þakkir skilið fyrir störf sín.

Þórhallur Guðnason frá Lundi hefur unnið hér manna lengst og af óvenjulegri samvirkusemi og trúmennsu, auk þess að vera óvenjulegur verkmaður. Með slíkum mönnum er gott að starfa. Sextugsafmælis hans 5 febrúar s. l. var minnst með lítilli gjöf frá Skógrækt ríkisins, sem vott um þakklæti fyrir störf hans í þágu stofnunarinnar.

Hallgrímur Konráðsson, frá Veturliðastöðum, nú fluttur til Akureyrar, starfaði hér s. l. sumar eins og í fyrra. Vann hann mikið við byggingar og það sem unnið var við byggingar. Hann er óvenjulega mikill verkmaður og var samstarfið við hann mjög ánægjulegt.

Karlmennirnir Ellestir eru búnir að vinna hér mörg ár, en talsvert er alltaf af óvönnum stúlkum.

Fastráðnir voru tveir starfsmenn, þeir Vilmundur Andrés-son og Árni Sigfússon. Árni lét af störfum 15. október s. l., en Vilmundur er ráðinn til 15. október 1966.

Ráðskona var Guðrún Herbertsdóttir, frá Sigríðarstöðum.

Fæðiskostnaður varð kr. 57.45 fyrir karlmenn og kr. 49.95 fyrir stúlkur.

III. G i r ð i n g a f r a m k v æ m d i r.

1. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður, eftirlit og smölun varð sem hér segir:

	<u>Viðhaldsk.</u>	<u>Eftirl.&smölun.</u>
Vaglagirðing..... kr.	2.116.48	
Lunds-og Þórðarstg. -	4.785.57	
Sigríðarstaðagirð.. -	2.612.45	826.56
Mela-og Stórhöfðag. -	5.899.60	851.04
Sandhaugagirðing... -	3.510.96	3.200.00
Fossselsgirðing.... -	588.00	
Fellsskógargirðing. -	982.78	
Ásbyrgi..... -	2.392.90	
	<u>Kr. 22.880.10</u>	<u>4.877.60</u>

Efni til viðhalds er meðtalið í viðhaldskostnaði, kr. 2.720.00 (aðeins birkistaurar)

Skipt var um vírnet í girðingunni um Ásbyrgi á 600 m. kafla og bætt í hana 25 járnstaurum. Var netið orðið ryðgað og illa farið.

Um aðrar meiriháttar endurnýjanir var ekki að ræða, en viðhald girðinga fer mest eftir því hve snjóalög verða mikil. Að þessu sinni varð viðhaldið með minnsta móti.

IV. S k ó g a r h ö g g.

Eins og tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1965 sýnir, urðu tekjur af þessum liðum miklu meiri en 1964. Viðarsala varð talsvert meiri og svo mikil aukning birgða, sérstaklega á Vöglum og þá einkum á girðingastaurum.

Kostnaður við skógarhögg varð alls kr. 131.886.81, þar af grisjun í Ásbyrgi kr. 12.474.01, svo að kr. 119.412.80 koma á reikning vegna skógarhöggs í Vagla-og Þórðarstaðaskógum. Sala skógarafurða varð kr. 150.111.89 (gjöldin) og er þar meðtalið, flutningar, birking, sögun, fúavörn o.fl.

Beinar tekjur urðu kr. 188.188.20, skógarafurðir til eigin nota kr. 46.650.00, birgðaukning kr. 116.700.00, alls kr. 351.538.20.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1965.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur</u>
Sala 1965	70	2105	3055	93.05	-	188.188.20
S. R. Vöglum	25	95	30	45.00	-	46.650.00
Birgðir Vöglum 3000		4200	3400	30.00	6.50	195.950.00
" Þórðars 100		<u>1500</u>	<u>1400</u>	<u>20.00</u>	-	<u>47.100.00</u>
Alls	3195	7900	7885	188.05	6.50	477.888.20
Birgðir 1964	<u>1660</u>	<u>2750</u>	<u>3800</u>	<u>45.00</u>	<u>6.50</u>	<u>126.350.00</u>
Högg 1965	<u>1595</u>	<u>5150</u>	<u>4085</u>	<u>143.05</u>	-	<u>351.538.20</u>
Tonn	<u>3.19</u>	<u>20.60</u>	<u>25.55</u>	<u>143.05</u>	-	<u>193.84 tn.</u>

Lítið var unnið að skógarhöggi fyrr en komið var fram í maí nema lokið við að birkja staura. Mest var unnið að skógarhöggi í júlí, ágúst og september, en einnig dálítið í október og nóvember.

Í Vaglaskógi voru grisjaðir reitir nr. 406, 407, 408, 409, 215 og allstór spilda meðfram Merkjagróf, ofan við reiti nr. 215 og 312, nr. 315, 325 n.hl., 323 s. hl. og 305.

Í Leutaskógi var haldið áfram að grisja ofan af gróðursetningum fyrri ára og í Þórðarstaðaskógi var haldið áfram grisjun sunnan Yztahólsgils.

Í Ásbyrgi var grisjað sunnarlega í Byrginu, þar sem stænumur ferðafólks er hvað mestur.

Um miðjan ágúst var farið að fúaverja staura. Var fengið stórt járnkar, stærð 2.5 x 3.0 x 1.5m. Notað var efnið Baselit. Er það leyst upp í vatni og staurarnir látnir liggja í karinu tvo sólarhringa. Eftir því sem ég kemst næst voru fúavarðir 4350 staurar 5 og 6 feta. Vinnukostnaður varð sem næst kr. 1.30 pr. staur og efniskostnaður um kr. 3.30 pr. staur. Að vísu eru þessar tölur ekki alveg nákvæmar og sennilega örekar of lágar.

Í ágúst kom hér sölumaður frá Bayers Kemi, Björnslev að nafni og veitti hann ýmsar upplýsingar og leiðbeiningar í sambandi við fúavörnina. Hann taldi þó að Baselit hefði lítið verið notað við fúavörn á birki.

V. Gróðrarstöð.

1. Fræplöntur.

Sáning hófst 27. maí og var lokið 8. júní. Sáð var 12.41 kg. af fræi í 660 m², aukning um 34 m². f. f. ári.

Plast var notað til yfirbreiðslu yfir fræið, en einnig strigi að nokkru. Birki sáningin fór illa þar sem plastið var notað, hafði sýnilega hitnað um of undir plastiinu. Vafalaust þarf mikla aðgát sé plast notað þannig að það sé einungis lagt ofan á beðin. Þar sem striginn var var notaður var birkið aftur á móti ágætt.

Gert var ráð fyrir 366 þúsund plöntum til dreifsetningar. Gerði sú áætlun meira en standast, því að upp komu um 411 þúsund plöntur og var samt talsvert eftir af rauðgreni.

Fræinú var öllu dreifsáð eins og á sl. ári. Hæpið tel ég samt að dreifsá grenifræinu, sérstaklega þegar snjóléttir vetur koma eins og í fyrra. Vilja þá plönturnar miklu frekar misfarast.

2. Dreifplöntur.

Dreifsetning hófst 24. maí og lauk 29. júní. Dreifsettar voru 314.640 plöntur, þar af 13.210 plöntur í tímavinnu.

Fjórir stúlkur unnu að dreifsetningunni, þar af aðeins ein vön. Það virðist æ erfiðara að fá duglegar stúlkur í dreifsetninguna, enda eru þær stúlkur sem nú bjóðast helzt til vinnu á aldrinum frá 14 - 16. ára og úthaldið oft lítið.

Dreifsetningin tókst misjafnlega. Nú var mest af dreifsetningarplöntunum tekið upp og sett í plastpoka eða kassa og geymt inni í plöntugeymslu þar til dreifsetning fór fram.

Mjög heitt var í veðri dagana 1.-14. júní og komst hitastigið upp í 22.5 stig. Reyndist mjög erfitt að halda niðri hitanum í plöntugeymslunni og komst hitinn upp í 10-12 stig, þó allt væri gert sem hægt var til að kæla, m. a. með kuldablöndu (ís og saki.).

Hætt er við að ofhitnað hafi í þeim plastpokum sem geymdir voru í efstu hillunum, enda komu fram skemmdir í nokkrum beðum eftir dreifsetningu, nálar gulnuðu og féllu af. Ekki voru samt mikil brögð að þessum skemmdum, en auðsætt er að einangra verður geymsluna betur og þá sérstaklega þak hennar.

Dreifsetningarplöntur afgreiddar til annara gróðrarsstöðva voru: 73.500 rauðgreni, 6.500 bergfura, 8.000 stafafura, 8.500 lerki, alls 96.500 plöntur.

3. Upptaka og afhending plantna.

Afhentar voru 207.435 plöntur, 14.000 plöntum ferra en áætlað. Munar þar mest um rauðgreni, en af því var afgreitt um 10.000 plöntum ferra en áætlað og um 5.000 plöntum ferra af blágreni.

Stafar þetta að nokkru að því að dregið var úþgróður-
setningu í sparnaðarskyni.

Plöntur til sölu og afhendingar árið 1966.

Vor:			
Rauðgreni.....	2/4	Vefsen Grane	11.000 stk.
Rauðgreni.....	3/3	Gr. Hattfj.d	28.000 -
Hvítgreni.....	3/3	Seward.....	60.000 -
Brodafura.....	2/3	Hallormsst..	800 -
Stafafura.....	2/3	Bennet.....	2.000 -
Birki.....	2/2	Bæjarst.....	2.900 -
Birki.....	3/0	Bæjarst.....	3.000 -
			<u>107.700</u> stk.
Síðsumars:			
Rauðgreni.....	3/3	RKED.....	10.000 -
Blágreni.....	3/3	Sapinero....	15.000 -
Hvítgreni.....	3/3	Seward.....	20.000 -
			<u>45.000</u>
		Alls	<u>152.700</u> stk.

4. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

370 kg. kjarni,
122 - ammoniumsulfat,
116 - nitrofosfat, $N_{20} P_{20}$
140 - brífoðfat,
205 - kalí brst. s.

Af húsdýraáburði var ekið í reitina 33 tonnum, þar af 18 tonnum í haust.

Höfrum var séð ~~á~~ þá reiti er ekki voru í ræktun. Hafarnir voru tattir niður í lok ágúst.

5. Ýmislegt varðandi gróðrarstöðina.

Eins og undanfarin ár var notað Símazín og Wikké spirit til eyðingar á illgresi. Eining var gerð tilraun með lyfið Afalon. Sú tilraun náði ekki tilætluðum árangri, enda gerð og seint.

Hreinsunarkostnaður hækkaði um kr. 22.000.00, frá fyrra ári, svipað á fræ- og dreifplöntum. Auðvitað hefur kaup hækkað, en samt er þetta og mikil hækun. Við urðum of seinir á okkur með að sprauta sáningarnar og kostaði það mikla vinnu að ná yfirhöndinni yfir illgresinu.

Æskilegt væri að reyna fleiri lyf gegn illgresinu, ekki sízt þar sem Símazín binzt mjög í jarðveginum.

Nú var langmest af söluplöntunum sett í plastpoka og sent þannig. Í því felst mikill vinnusparnaður, auk þess sem plönturnar ættu að vera betri vara.

Eins og áður var drepið á verður ekki hjá því komist að einangra þak plöntugeymslunnar betur. Það er of mikið í húfi þegar geymslan er orðin full af plöntum, að þá ofhitni í öllu saman, þó að allt bjargaðist eftir vonum á á s. l. vori.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar árið 1965.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Fræplöntur..... kr.		68.499.51
Hreinsun fræplant. -		27.031.16
Dreifplöntur..... -		89.466.11
Hreinsun dreifpl.. -		25.017.05
Afh. skógarpl.... -		8.480.24
Ráðsk. & verkstj. -		70.528.49
Ýmsar framkvæmdir -		7.131.14
Kostn. v/ verkaf. -		2.179.74
		<u>298.333.44</u>
Plöntusala..... -	<u>416.029.30</u>	<u>14.073.64</u>
	<u>Alls kr. 416.029.30</u>	<u>321.407.08</u>

Áætlun gróðrarstöðvarinnar, sem hljóðaði upp á kr. 420.000.00, tókst að halda og varð reksturskostnaður nálega sá sami og á árinu 1964 eða kr. 3.000.00 kr. hærri.

VI. Gróðursetning.

Gróðursett var í Vaglaskógi dagana 4.- 11. júní. Gróðursetningarkostnaður varð kr. 0.85 á plöntu og grisjun kr. 0.31 á plöntu.

Í Þórðarstaðaskógi var gróðursett 21.- 28. júní og aftur 3.- 17. ágúst, sunnan Yztahólsgils. Gróðursetningarkostnaður varð kr. 0.76 á plöntu og grisjun kostaði kr. 1.19 á plöntu.

Í Fellsskógi var gróðursett 15.- 18. júní og aftur 12.- 14. ágúst Gróðursetningarkostnaður varð kr. 1.05 á plöntu, grisjun engin, grisjað í fyrra.

Á Sandhaugum var gróðursett 21. júní og kostaði gróðursetningin þar 82 auro á plöntu grisjun 18 auro á plöntu. Gróðursettar voru átta þúsund plöntum færri en áætlað, og var það fyrst og fremst sparnaðarráðstöfun.

Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Blágreini	2/4	Sapinero	108&109	4.000
"	Hvítgreini	2/4	Fairbanks	109	4.600
					<u>8.600</u>
Þórðarstaðaskógur					
"	Rauðgreini	2/3-2/5	Grane V.		2.225
"	Blágreini	2/5	Sapinero		22150
"	Hvítgreini	2/5	Fairbanks		3.750
"	Stafafura	2/2	Canmore		2.875
"	"	2/2	U. L. Creek		2.250
"	"	2/2	Carcross		1.300
"	"	2/2	Bennet		1.450
					<u>16.000</u>
Fellsskógur	Hvítgreini	2/4-2/5	Fairbanks		6.000
Sandhaugar	Stafafura	3/2	Skagway		1.400
					<u>1.400</u>
				<u>Samtals</u>	<u>32.000</u>

Unnið var talsvert að áburðardreifingu og hirðingu og plantna. Í Vaglaskógi var gerð áburðartilraun í reit nr. 305 og endurtekin tilraunin í reit nr. 325, samkv. fyrirsögn tilraunastjóra.

Kjarni var borin á í reit nr. 319, 30 gr. á plöntu. Kostnaður við áburðardreifingu og hirðingu í Vaglaskógi var kr. 1.442.88.

Í Sigríðarstaðaskógi var borið á rauðgreini gróðursett 1956, notað 30 gr. kjarni á plöntu. Ennfremur var unnið að því að klippa frá barrplöntum þar, kostnaður alls kr. 784.00

Í Þórðarastaðaskógi var borið á gróðursetningu rauðgrenis, sunnan Beitarhúsatófta, borin 30 gr. ammoniumsulfat á plöntu. Unnið talsvert að því að klippa frá plöntum. Kostnaður við umhirðu plántna kr. 3.743.99

Í Fellsskógi var borið á yværi spildur af rauðgreni, gróðursettu 1960. Á syðri spilduna var borið 100 ureaform og 50 gr. hráfosfat og á neðri hlutann 150 gr. ureaform. Á nyrðri spilduna var borið 60 gr. ammoniumsulfat. Bæðar eru spildur þessar 45 m. breiðar, mældar sunnan frá mörkum gróðursetningarinnar. Kostnaður kr. 380.76.

Á Sandhaugum var unnið að því að klippa frá plöntum, kostnaður kr. 320.04.

Gróðursetning á jörðum einstaklinga:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufjöldi</u>
Fellsskógur	Blágreni	2/4	Sapinero	3.500
"	Hvítgreni	2/4	Fairbanks	3.500
				<u>7.000</u>
Ytra-Fjall	Blágreni	2/4	Sapinero	500
"	Stafafura	3/2	Skagway	2.500
				<u>3.000</u>
Laugaból	Birki	3/0	Bæjarst.	2.500
Stafn	Stafafura	3/2	Skagway	1.000
Selland	Blágreni	2/4	Sapinero	1.000
"	Hvítgreni	2/4	Fairbanks	1.500
"	Stafafura	2/2	Bennet	4.000
				<u>6.500</u>
			<u>Samtals</u>	<u>20.000</u>

Gróðursetning Skógræktarfélagss S.-Þing. í Fossselssk. og víðar.

Í Fossselsskógi var unnið að gróðursetningu og grisjun dagana 23.- 26. júní og 17.- 20. ágúst.

Gróðursettar voru 16.050 plöntur, grisjaðir 2.3 ha., þar af 1.0 ha. vegna gróðursetningar 1966. Ennfremur 2.0 ha. í reitum nr. 4, 5, og 6, þar sem gróðursett var 1960 og 1961. Fengust þar um 1200, fimm og sex feta birkistaurar.

Kostnaður skiptist þannig: Plöntukaup 25.751.15, gróðursetning 11.203.72, grisjun 7.769.38, matreiðsla 2.839.40, akstur 1.728.00, ýmislegt 504.50, alls kr. 49.796.15.

Gróðursett var sem hér greinir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufjöldi</u>
Fosselsskógur	Rauðgreni	2/3	Grane	3.200
"	Blágreni	2/4	Sapinero	3.640
γ	Hvítgreni	2/5	Fairbanks	1.385
"	Bergfura	3/0	Ginébra	1.525
"	Stafafura	3/2	Skagway	3.900
"	"	3/0	Wansa Lake	2.400
				<u>16.050</u>
Fellsskógur	Rauðgreni	2/4	Vefsen Grane	<u>3.000</u>
			<u>Samtals</u>	<u>19.050</u>

VII. Nýir vegir og viðhald vega.

1. Nýir vegir.

Í Vaglaskógi var ruddur nýr vegur upp með fram Morkja-gróf, ofan reita 215 og 321, suður á Stefánbraut. Var vegur þessi gerður vegna skógarhöggs, en á hluta af þessu svæði hefur ekki verið grisjað fyrr. Kostnaður varð um 2050.00 kr.

2. Viðhald vega.

Viðhald vega var lítið að þessu sinni, smálagfæringar við starfsmannabústað og verkfærageymslu.

Vegagerð ríkisins, lét breikka veginn suður skógin, s. l. haust.

Kostnaður við viðhald vega varð kr. 5.028.56.

VIII. Ný byggingar og viðhald húsa.

1. Nýbyggingar.

Á árinu var að mestu lokið byggingu verkafólksbústaðarins, sem hafin var 1964.

Var byggingin tekin í notkun 12. maí.

Í október 1964 var fluttur skáli sá, er Skógrækt ríkisins ~~hæð~~ komið upp í Fellsskógi og var hann settur niður norðan við (áfast) verkafólksbústaðinn. Var skálinn nú einangraður með 1" plasti og klæddur innan með þilplötum. Var með þessu móti hægt að hafa allt starfsfólkið á sama stað og var Brúarlundur ~~ekki~~ notaður að þessu sinni til íbúðar.

Ég vil láta í ljós sérstaka ánægju mína með hinn/bætta aðbúnað starfsfólksins, sem var orðinn alveg óviðunandi.

Kostnaður við þessar framkvæmdir varð sem hér skal greina:

Vinnulaun	kr.	113.855.55
Efni.....	-	140.475.47
Akstur, flutningar.	-	1.393.00
Heimtaugargjald....	-	13.333.00
Ýmislegt.....	-	<u>6.438.21</u>

Kr. 275.495.23

Byggt var við þökkunarskýlið sem reist var 1963, og var það stækkað um heiming, þannig að það er nú 15.6 m. að lengd, breiddin er sú sama 4.5 m. Gólfífið var steipt, þakið járnklætt á langböndum, klæðningin tilmur (vatnasklæðning) nema á austurhl., þar var steiptur hálf veggshæð og notað asbest að ofan. Mikið af efni var notað úr matskálanum á Furuvöllum. Þarna má koma inn vélum og nú ætti að vera hægt að ganga almennilega frá verkferunum, en það hefur ekki verið hægt sökum plássleysis.

Kostnaður varð sem hér segir :

Vinnulaun kr.....	kr.	15.136.48
Efni.....	-	10.020.63
Ýtavinna.....	-	<u>1.237.50</u>

Kr. 26.394.61

2. Viðhald fasteigna.

Í Brúarlundi var unnið nokkuð að viðhaldi vegna samkomuhalds um verzlunarmannahelgina, og þá aðallega á snyrtiherbergjum.

Matskálinn á Furuvöllum var rifinn, en verkfærageymslan þar, var látin standa og er notuð sem geymsla fyrir arinnvið.

Skógarvarðarbústaðurinn var oliuborinn utan, málað eldhús, bakinnangur og settur þar upp fataskápur.

Í Ásbyrgi var áttílháttar unnið að viðhaldi, t. d. lagfært snyrtiherbergi.

Varla verður hægt að komast hjá því að lagfæra ýmislegt í íbúðarhúsunum á Vöglum og Ásbyrgi á árinu 1966, t. d. þarf að lagfæra snyrtiherbergi í Ásbyrgi og koma upp baðkari eða sturtu og á Vöglum þarf að lagfæra tröppur við forstofu ásamt fleira.

Kostnaður við viðhald fasteigna varð röskar 38.000.00 krónur.

IX. Vélar og verkfæri.

Dráttarvélin var notuð líkt og áður, við gróðrarstöðina, við sögun viðar, viðaraxstur, við að kljúfa við, malarakstur og fleira.

Kostnaður við rekstur dráttarvélarinnar varð kr. 18.242.25, leigutekjur urðu kr. 1.600.00 og endurgreiðsla vegna benzínkaupa kr. 3.963.00, mismunur kr. 12.679.25.

Áður hefur verið bent á hvort ekki mundi hagkvæmara að selja gömlu dráttarvélinu og kaupa í staðinn diesel dráttarvél, koma vel til mála að kaupa uppgerða vél, en sú gamla þarf talsverðra viðgerða.

Bifreiðin Þ 864 varð notuð eins og áður, við plöntu- og viðarflutninga, svo og ýmsa flutninga vegna gróðrarstöðvarinnar, t. d. sandi og húsdýraáburði.

Það fer brátt að líða að því að endurnýja þurfi bifreiðakostinn og mundi ég leggja til að Þ 864 yrði seld sem fyrst, ef þess væri nokkur kostnaður.

Reksturskostnaður bifreiðarinnar varð kr. 17.231.61, þar á móti koma leigutekjur kr. 1.000.00.

Ef nefna ætti verkfæri, sem mest nauðsyn er á að kaupa, koma þar fyrst herfi og plógur vegna jarðvinnslu í gróðrasstöðinni, ennfremur viðarkleyf og sleða við dráttarvél.

Dráttarvagn með sturtum var keyptur á árinu. Var kaupverð hans kr. 30.715.00. Vagn þessi er mesta þarfa þing, en því miður kom hann full seint sumars, hefðum annars getað notað hann miklu meira.

X. Ý m i s l e g t.

Ferðafólk var nú margt eins og undanfarin sumur, umgengni fólks var yfirleitt samlæg.

Yfirleitt hefur verið fylgt þeirri reglu að hreinsa í skóginum tvisvar í viku og var svo einnig í sumar. Ruslatunnum var (~~yfirleitt~~) enn fjölgað og mun svo einnig gert næsta sumar.

Mikil þörf væri á að koma vatnslögn að tjaldstaðunum, svo og vatnssalerni. Ennfremur væri mikil þörf á auknum bílastaðum. Verður varla komist hjá því að gera einhverja úrbót í þessum efnum, ~~stax~~ næsta sumar.

Um verzlunarmannahelgina var ýmsum félagasamtökum veitt leyfi til þess að halda bindindismót hér í skóginum. Yfirleitt voru það sömu félög sem stóðu að samkomuhaldinu á sl. ári.

Tókst bindindismótið mjög vel og var til sóma. Samkomugestir voru mjög margir, áætlað um 3000 manns hvern dag samkomunnar.

Hinn 7. ágúst hélt U. M. F. Bjarmi dansleik í Brúarlundi, fjölsóttan og friðsaman, að því mér er tjáð.

Í Ásbyrgi voru engin samkomuhöld, en ferðafólk var með flesta móti. Umgengni var nokkuð misjöfn. Þar þarf að beta við fleiri tunnnum undir rusl og bera á þar sem örtröð er mest.

Skátarhéldu hér norðurlandsmót í júlí.

Af erlendum gestum má nefna þá Björnslev frá Bayers Kemi a/s, Kaupmannahöfn og Leskinen frá Finnlandi.

Björnslev gaf ýmis ráð og leiðbeiningar í sambandi við fúavörn með efninu Baselit.

Leskinen gaf upplýsingar um notkun plastgróðurhúsa í gróðrarstöðvum í Finnlandi.

Haldið var áfram að planta lúpínu úti á Hálsmelum. Virðist lúpínan dafna þar samilega, einkum þó í dældum og brekkum, en ver þar sem herra ber. Virðist nokkuð af því sem plantað var á sl. vori (1964) hafa rótarslitnað. Ber mest á því þar sem snjólaust var sl. vetur.

Haldið var áfram að bera á tilbúinn áburð neðan vegar og eru þess nú farin að sjást merki, þó hægt farið einkum í sumar vegna þurkanna.

Í júlí var haldinn hér aðalfundur Skógræktarfélags S.-Þingeyinga. Fundarstaður var starfsmannabústaðurinn nýi.

Dagana 27.-29. ágúst sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Blönduósi og 28. september fór ég austur í Ásbyrgi til viðræðna við eftirlitsmanninn þar.

Að öðru leiti hafa ferðir verið farnar líkt og áður, vegna eftirlits, gróðursetningar og grisjunar í Fossselsskógi, Fellskógi, Þórðarstaðaskógi, Sandhaugum og Sigríðarstaðaskógi.

Í júní leiðbeindi ég keppendum Eyfirðinga og Þingeyinga, sem þátt tóku í keppni í gróðursetningu í starfsíþróttum á landsmóti U. M. F. Í. á Laugarvatni í júlí.

Eins og áður sá ég um framkvæmdir fyrir Skógræktarfélag S.-Þingeyinga í Fossselsskógi og voru starfsmenn stofnunarinnar þar að verki. Einnig var unnið að gróðursetningu á Végeirsstöðum, Laugabóli og að grisjun í Höfða í Mývatnssteit. Ennfremur sá ég um lagfæringar á lofti við bústað Síamanna hér í skóginum, einnig unnið við vegi í skóginum fyrir Vegagerð ríkisins.

Með þessu móti var unnt að halda öllum þeim mönnum sem fastráðnir voru hér sumarlangt, en vegna sparnaðarráðstafana, sem gerðar voru eftir að gengið var frá fjárhagsáætlun, hefði það orðið býsna erfitt að öðrum kosti.

Þrátt fyrir hakkanir á vinnulaunum og fleira tókst að halda hina upphaflegu áætlun, en í júlí var lagt svo fyrir að spara skyldi 50.000.00 kr. Tókst það aðeins að nokkru leiti, enda óhægt um vik svo seint með verulegan niðurskurð.

XI. Áætlan ársins 1966.

Þegar hefur verið gerð greins fyrir áætlun um grísjun, gróðursetingu og lögð fram kostnaðaráætlun fyrir gróðrarstöðina 1966.

Aðrir liðir verða með líku móti og s. l. ár, nema nýbyggingar sem falla niður.

Viðhaldskostnaður fasteigna þarf að hækka, því ekki verður komist hjá endurbótum á íbúðarhúsunum á Vöglum og í Ásbyrgi.

Aðvitað bíða ótal mörg verkefni úrlausnar, sem ~~æskilægt~~ væri að hafa fjármagn til að framkvæma og vonandi verður það áður en langt liður.

Vöglum 27. janúar 1966.

Felipus Sumarliðason